**Skeljungur hf.**
Shell umboð

Hólmaslóð 8 • 101 Reykjavík
Sími: 444 3000 • Fax: 444 3001
www.skeljungur.is

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 132/196*
*komudagur 28.11.2005*

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. nóvember 2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, 179. mál.**

Skeljungur gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér er varðar álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir og hjólbarða.

Skeljungur fagnar sérstaklega 2. gr. frumvarpsins varðandi erndurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna útflutnings. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að framkvæmdin hafi verið einföld, endurgreiðslur hingað til hafi verið fáar og einkum vegna sölu á smurolíu og kælimiðla í erlend skip. Vegna þessa er rétt að taka fram að hingað til hefur ekki hefur tekist að fá álagt spilliefnagjald og síðar úrvinnslugjald endurgreitt vegna sölu á smurolíu til erlendra skipa. Með breyttu fyrirkomulagi ætti að vera tryggt að endurgreiðslur geti gengið eftir, með eðlilegum hætti.

SKELJUNGUR HF.

Ólafur Jónsson

**Shell Distributor**